

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 145/1981. **Hagtrygging h/f og
ríkissjóður Íslands**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Samvinnutryggingar g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1981. Þeir gera þær dómkröfur, „að kröfur stefnda (stefnanda í héraði) vegna hins umdeilda bifreiðaáreksturs verði stórlega lækkaðar, en málskostnaður felldur niður“.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og áfrýjendur verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, höfðaði Birgir Halldórs-son f. h. einkafirma síns, Búsáhöld og gjafavörur, eiganda bifreiðarinnar R 1977, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur áfrýjendum, og gekk dómur í því 16. nóvember 1979. Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 er sá dómur að því er varðar skiptingu bótaábyrgðar bindandi um úrslit sakarefnis fyrir áfrýjendur, en stefndi hefur með afstöðu sinni talið sig bundinn af niðurstöðu dómsins. Með þessari athugasemd og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefnda 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Hagtrygging h/f og ríkissjóður Íslands, greiði

stefnda, Samvinnutryggingum g/t, óskipt 7.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Pórs Vilhjálmssonar.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, voru stefndu í héraði, áfrýjendurnir Hagtrygging h/f og ríkissjóður, hinir sömu og í bæjarþingsmáli nr. 6148/1979. Í báðum þessum dómsmálum var deilt um tjón vegna bfreiðaslyss 23. desember 1978, en ekki um sama hluta heildartjónsins. Snerist fyrra málið um 200.000 gkr. af viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar R 1977 svo og tjón af afnotamissi, en mál það, sem nú er til úrlausnar, varðar hinn hluta viðgerðarkostnaðarins. Stefnendur í héraði voru eigi hinir sömu í málunum tveimur.

Þegar framanskráð er virt, teljum við ekki, að niðurstöður hins fyrra dómsmáls um sakarskiptingu beri að leggja til grundvallar í þessu máli án sjálfstæðrar prófunar eftir 195. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936. Við teljum hins vegar, að gögn máls þess, sem hér eru til úrlausnar, sýni, að niðurstaða hins fyrra máls sé efnislega rétt.

Með þessari athugasemd erum við sammála meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1981.

I.

Mál þetts, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. mars sl., hafa Samvinnutryggingar g/t, Ármúla 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 29. janúar 1981, gegn ríkissjóði Íslands og Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.760.32 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 29. janúar 1981 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Aðiljar málsins gerðu með sér samkomulag um að sniðganga sáttanefnd. Dómarinn reyndi sættir með málsaðiljum, en eigi bar sú viðleitni árangur.

Málavextir.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu.

„Málavextir eru þeir, að föstudaginn 23. des. 1978 ók Halldór Birgisson fólksbifreiðinni R-1977 suður Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Bifreiðastjórinn áætlað, að ökuhraðinn hafi verið um 55 km m. v. klst., en leyfilegur ökuhraði á nefndri akbraut var 60 km m. v. klst. Er hann nálgaðist tengibraut, sem er á milli Kringlumýrarbrautar og Hafnarfjarðarvegarins gamla, var bifreiðinni JO-7495 ekið nefndan tengiveg frá Kringlumýrarbraut, eystri akbrautinni, og inn á vestari akbrautina í veg fyrir R-1977. Hafði JO-7495 verið ekið úr kyrrstöðu, en biðskylda er á tengibrautinni, en síðan stöðvuð á vestari akbrautinni, ekið af stað aftur og enn stöðvuð og þá alveg lokað akleið R-1977.

Bifreiðastóri R-1977 nauðhemlaði og reyndi jafnframt að sveigja aftur fyrir JO-7495, en tókst eigi að afstýra árekstri. Eftir áreksturinn við JO-7495 lenti 1977 upp á umferðareyju milli akbrauta Kringlumýrarbrautar og rakst þar á umferðarmerki.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ísing á akbrautinni, er árekstur þessi varð.

JO—7495 er VW-fólksbifreið, eign Alvin S. Cruz, sem var á þessum tíma í liði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli, en bifreiðinni ók umrætt sinn Susan E. Fogg. Bifreið þessi var ábyrgðartryggð hjá stefnda Hagtryggingu h.f.

R—1977 var ábyrgðartryggð hjá stefnanda og húftryggð einnig með 200 þúsund gamalla króna eigináhættu eigandans. Hinn 5. júní 1977 þingfesti eigandi R-1977, Birgir Halldórsson f. h. einkafirma síns Búsáhöld & gjafavörur, mál á bæjarþingi Reykjavíkur gegn varnaraðilum í þessu máli og krafðist greiðslu á bótum vegna afnotamissis, kr. 120.000,00, og vegna eigináhættu sinnar í húftryggingu, kr. 200.000,00, alls kr. 320.000,00. Dómur í málinu var kveðinn upp 16. nóv. 1979 með þeim úrslitum, að honum voru dæmdar bætur að fjárhæð kr. 180.000,00, en ekill bifreiðar hans var talinn hafa átt sök á árekstrinum að 1/3. Þessum dómi var unað af báðum aðilum, og greiddi Hagtrygging h.f. dómskuldina 4. febr. 1980.

Þegar stefnandi leitaði eftir endurgreiðslu úr hendi Hagtryggingar h.f. á húftryggingarbótum, er hann hafði greitt eiganda R-1977, í samræmi við niðurstöðu dómsins, brá svo undarlega við, að félagið synjaði endurgreiðslunni. Var því borið við, að Hagtrygging h.f. gæti eigi sætt sig við sakarskiptingu í dóminum. Við svo búið átti stefnandi ekki annarra kosta vöð en að sækja rétt sinn með málssókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ekill JO-7495 hafi átt a. m. k. meginsök á umræddum bifreiðarárekstri með því að aka gegnt biðskyldu

inn á aðalbraut í veg fyrir aðvifandi bifreið, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Stefnandi fellst að sjálfsögðu á niðurstöðu umrædds héraðsdóms, sem óhöggugu stendur, og sættir sig við skertan bótarétt að þriðjungi.

Eigandi JO-7495 ber að lögum bótaábyrgð á afleiðingum árekstursins skv. 68., sbr. 69. gr. umferðarlaga. En þar sem í hlut átti maður, sem telst til varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi, kemur ríkissjóður Íslands í hans stað sem ábyrgðaraðili til fébóta gagnvart stefnanda samkvæmt 2. lið í 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110 frá 1951, sem er viðbættir við þau lög og fjallar um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra. Aðild meðstefnda Hagtryggingar h.f. á stoð í 2. mgr., sbr. 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Á þessum grundvelli og samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, sbr. og ákvæði í almennum húftryggingarskilmálum stefnanda, er kröfugerð hans í málinu reist.

Kostnaður við að gera við R-1977, efni og vinna, nam samtals gömlum kr. 614.048,00. Þar frá drógst eigin áhætta eiganda R-1977, gamlar kr. 200.000,00. Frá mismuninum, kr. 414.048,00, dregst þriðjungur, sem er eigin sök ekils R-1977, gamlar kr. 138.016,00. Eftirstöðvar, sem eru kr. 276.032,00, nýkr. 2.760,32, er stefnukrafan í málinu.“

III.

Eins og fram kemur í II hér að framan, hafði Birgir Halldórsson bifreið sína, R 1977, ábyrgðar- og húftryggða hjá stefnanda, Samvinnutryggingum. Er bifreið Birgis lenti í árekstri við bifreiðina JO 7495 hinn 23. desember 1978, bætti stefnandi Birgi tjón hans með greiðslu húftryggingarbóta. Frá þeim bótum var þó dreginn sá hluti tjóns, er Birgir varð sjálfur að bera vegna eigin áhættu sinnar í húftryggingunni, og afnotamissir, sem húftryggingin bætir ekki. Að framan er það rakið, að Birgir Halldórsson höfðaði mál á hendur varnaraðiljum í þessu máli til greiðslu bóta vegna afnotamissis og þess hluta tjónsins, sem hann varð að bera sjálfur vegna eigin áhættu sinnar í húftryggingunni. Dómur í því máli var kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 16. nóvember 1979, og var bótaábyrgð vegna tjónsins af völdum áreksturs bifreiðanna skipt og hún lögð á eiganda JO 7495 að $\frac{2}{3}$, en að $\frac{1}{3}$ á Birgi Halldórsson. Í máli þessu viðurkenna stefndu, ríkissjóður Íslands og Hagtrygging h/f, endurkröfurétt Samvinnutrygginga g/t á hendur þeim vegna þeirra húftryggingarbóta, er Samvinnutryggingar g/t greiddu Birgi Halldórssyni. Hins vegar krefjast stefndu lækunar endurkröfunnar á þeirri forsendu, að sakarmat dómsins frá 16. nóv. 1979 sé rangt og ekki bindandi fyrir dóm í þessu máli. Sök ökumanns bifreiðarinnar R 1977 eigi að metast meiri og endurkrafa stefnanda að lækka að sama skapi. Ágreiningur málsaðilja varðar því það tvennt, hvort dómur bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóv. 1978 um sakarmat vegna áreksturs bifreiðanna

R 1977 og JO 7495 hinn 23. des. 1978 sé bindandi fyrir dóm í þessu máli varðandi endurkröfuna, ef svo sé ekki, þá hvenig meta beri sökina.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóv. 1979 sagði svo:

„Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga 40/1968 átti bifreiðin R 1977 umferðar-rétt gagnvart bifreiðinni JO 7495. Bifreiðarstjóri JO 7495 ók bifreið sinni úr biðstöðu þvert á mikla umferðaræð, bifreið hans drap á sér, eftir að hún var komin lítið eitt inn á akbrautina. Bifreiðarstjórinn náði að gang-setja bifreiðna á ný og aka nokkru lengra, en bifreiðin stöðvaðist aftur inni á akbrautinni. Óupplýst er, hver var orsök þessa akstursmáta. Rétt þykir með þetta í huga, að ökumaður JO 7495 sé í höfuðsök á árekstrinum og stefndu verði því að bera meiri hluta ábyrgðar af honum.

Hins vegar var bifreið stefnanda, R 1977, vanbúin til vetraraksturs, þar sem hún var á sumarbörðum, en áreksturinn varð um hávetur og ísing á vegum. Þegar skoðaður er uppdráttur lögreglu af árekstursstað og þá sér-staklega hemlaför eftir bifreið stefnanda og ofangreindur búnaður bifreið-arinnar, þykir stefnandi, sbr. 49. gr. laga nr. 40/1968, eiga að bera hluta af ábyrgð vegna árekstursins. Þessi hluti þykir réttilega metinn $\frac{1}{3}$.“

IV.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir rétt sinn í máli þessu á 25. gr. laga nr. 20/1954 og 2. mgr. 6. gr. í almennum húftryggingarskilmálum Samvinnutrygginga. Þar segi, að krafa tryggingarfélags til skaðabóta á hendur þeim, er ábyrgð beri á tjóni, hverfi til tryggingarfélagsins við greiðslu skaðabóta án sérstaks framsals, allt að þeirri upphæð, er félagið hafi greitt vegna tjónsins.

Þó svo að stefnandi telji endurkröfurétt sinn augljósan og ótvíræðan samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 og stefndu hafi í sjálfu sér ekki mótmælt endurkröfurétti stefnanda, telur stefnandi, að nauðsyn hafi borið til máls-höfðunar þessarar, þar sem stefndu hafi synjað endurgreiðslukröfunni. Málið sé því gagnert höfðað í því skyni að fá aðfarargrundvöll á hendur stefndu.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 16. nóvember 1979 hafi endanlega verið skorið úr um bótaábyrgð vegna tjóns Birgis Halldórssonar. Dómurinn sé að því er skiptingu bótaábyrgðar varði ekki einvörðungu bindandi fyrir aðilja í því máli, þ. e. Birgi Halldórsson annars vegar og Hagtryggingu h/f og ríkissjóðs hins vegar, heldur einnig fyrir þá, sem leiði rétt sinn af rétti aðilja fyrra málsins. Varnaraðiljar þessa máls séu hinir sömu og varn-araðiljar fyrra málsins. Stefnandi þessa máls, Samvinnutryggingar g/t, leiði samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 og 2. mgr. 6. gr. húftryggingarskilmála Samvinnutrygginga g/t rétt sinn af rétti Birgis Halldórssonar, stefnanda fyrra málsins. Réttur þeirra fari að öllu leyti saman. Þó svo að Birgir Hall-

dórsson hafi í fyrra málinu einvörðungu krafði stefndu um hluta þess tjóns, sem hann varð fyrir við árekstur R 1977 og JO 7495, þá sé ljóst, að hann hefði getað krafði stefndu um greiðslur fyrir allt það tjón, er hann varð fyrir vegna árekstursins. Þess hafi hins vegar ekki verið þörf, þar sem stefnandi, Samvinnutryggingar g/t, hafi bætt Birgi stærstan hluta tjóns hans með greiðslu húftryggingarbótanna. Sakarmat fyrri dómsins hefði orðið nákvæmlega það sama, hvort sem Birgir hefði krafði þá, sem að lögum báru ábyrgð á tjóninu, um allt það tjón, er hann beið, eða einvörðungu nokkurn hluta þess, eins og hann gerði. Þar sem Samvinnutryggingar hafi tekið að sér að bæta Birgi tjón hans, gangi Samvinnutryggingar inn í rétt Birgis og öðlist eindurkröfurétt á hendur stefndu. Um það sé ekki deilt með málsaðiljum, heldur hitt, hvort fyrri dómurinn sé að því er skiptingu bótaábyrgðar varðar bindandi fyrir aðilja þessa máls. Augljóst sé, að samkv. 1. mgr. 195 gr. laga nr. 85/1936 séu aðiljar þessa máls bundnir af sakarmati fyrra málsins. Varnaraðiljar séu þeir sömu og sóknaraðili þessa máls leiði, eins og að framan sé rakið, rétt sinn af rétti sókaraðilja fyrra málsins og komi að lögum í hans stað, þar sem hann hafi tekist á hendur að bæta honum það tjón, sem varnaraðiljar beri að lögum ábyrgð á. Fyrri dómurinn hafi því res judicata verkanir að því er skiptingu bótaábyrgðar varði í þessu máli. Þeirri sakarskiptingu, sem þar hafi verið ákvörðuð, verði stefndi að una, þar sem sá dómur hafi verið endanlegur. Hann hafi verið óáfrýjanlegur af þeirra hálfu án sérstaks leyfis og þess leyfis hafi ekki verið aflað. Verði varnaraðiljar því að una sakarmatinu, hvort sem þeim líki betur eða verr. Það sé líka óeðlilegt, að einn og sami dómstóllinn, eins og bæjarþing Reykjavíkur, geti metið sök varðandi sama tjónsatburðinn oftar en einu sinni, slíkt mundi leiða til réttaróvissu.

Af framansögðu telur stefnandi einsýnt, að ekki séu efni til nýs sakarmats í þessu máli vegna áreksturs bifreiðanna R 1977 og JO 7495 hinn 23. desember 1978 og að endurkrafa stefnanda eigi ekki að sæta frekari lækkun vegna meiri sakar bifreiðastjóra R 1977 heldur en fram komi í dómi bæjarþingsins frá 16. nóvember 1979. Einu varnir, sem stefndu geti komið að í endurkröfumáli þessu, varði fjárhæð endurkröfunnar sem slíkrar. Greina verði á milli bótaábyrgðar annars vegar og bótafjárhæðar hins vegar. Það, sem ekki hafi verið dæmt um í fyrra málinu, sé fjárhæð kröfunnar í þessu máli. Tölulega séð sæti sú krafa ekki andmælum af hálfu stefndu, og því telur stefnandi, að taka beri kröfur sínar til greina að öllu leyti.

Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því, að ef dómurinn í þessu máli telji sig ekki bundinn af sakarmati fyrri dómsins og telji sér heimilt að meta sök að nýju vegna umrædds áreksturs, þá sé það sakarmat, sem fram hafi farið í þeim dómi, rétt í einu og öllu og því beri að skipta sök með nákvæmlega sama hætti og gert hafi verið. Kröfu sína beri því allt að einu

að taka til greina að öllu leyti, þar sem í kröfunni sé tekið fullt tillit til eigin sakar Birgis Halldórssonar.

Stefndu byggja kröfur sínar um lækkun dómkrafna á því, að þó svo að dómur hafi gengið 16. nóvember 1979 í máli Birgis Halldórssonar og bóta-ábyrgð dæmd í því máli á grundvelli þess sakarmats, sem þar hafi farið fram, þá sé dómur í þessu máli ekki bundinn af því sakarmati. Aðiljar þessa máls séu ekki þeir sömu og aðiljar fyrra málsins og í því máli hafi ekki verið dæmt um þær kröfur að efni til, sem deilt sé um í þessu máli. Í þessu máli verði því að fara fram sjálfstætt efnislegt mat á tjónsatburðinum og endurkrafa stefnanda ákvörðuð á grundvelli hins nýja sakarmats.

Stefndu halda því fram, að það sakarmat, sem fram hafi farið í fyrra málinu, þar sem bótaábyrgð var lögð á Birgi Halldórsson að $\frac{1}{3}$, en eiganda JO 7495 að $\frac{2}{3}$, hafi verið rangt. Meginorsök þess, að árekstur hafi orðið með bifreiðunum R 1977 og JO 7495 í umrætt sinn, liggi í aksturslagi ökumanns og búnaði bifreiðarinnar R 1977. Nefna stefndu þar til, að hemlaför eftir bifreiðina R 1977 hafi verið óeðlilega löng, sem næst 30 metrar að þeim stað, þar sem áreksturinn varð, og bendi það til of hraðs aksturs. Þá hafi það komið í ljós undir rekstri fyrra málsins, að ökumaður R 1977 hafi veitt bifreiðinni JO 7495 athygli og séð, að sú bifreið átti í erfiðleikum. Hafi hann því mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem framundan hafi verið. Einnig benda stefnu á, að bifreiðin R 1977 hafi verið búin sumarhjólborðum, en mikil hálka hafi verið á götum þann dag, er árekstur varð. Hins vegar eigi aksturslag JO 7495 sér þá skýringu eina, að um óhappatilviljun hafi verið að ræða, þar sem vél bireiðarinnar hafi stöðvast, en annað ekki reynst athugavert.

Samkvæmt meginreglu 68. gr. umferðarlaga beri að skipta sök með hliðsjón af atvikum öllum. Á það megi fallast, að eigandi bifreiðarinnar JO 7495 þurfi að bera nokkra áhættu og þar með hluta ábyrgðar vegna þess tjóns, sem af því hlaust, að vél bifreiðar hans stöðvaðist. Hins vegar sé fráleitt að leggja á hann $\frac{2}{3}$ hluta sakar, eins og gert hafi verið í áður nefndum bæjarþingsdómi frá 16. nóvember 1979. Á þessu sé krafa þeirra um lækkun bóta byggð.

Stefndu geta þess, að þeir hafi ávallt verið óánægðir með sakarmat dómsins frá 16. nóvember 1979. Þeir hafi hins vegar eigi átt þess kost að hnekkja því sakarmati með áfrýjun til æðra dóms, þar sem verðmæti áfrýjunarkröfu að því er stefndu varði hafi ekki náð áfrýjunarfjárhæð. Stefndu hafi heldur ekki leitað áfrýjunarleyfis, þar sem þeir hafi talið vonlítið, að slíkt leyfi yrði veitt. Stefndu telja sig aftur á móti hafa af því mikla hagsmuni að fá sakarmati fyrra málsins hnekkð í æðra dómi. Með því að þeir telji dómara þessa máls eigi bundinn af sakarmati fyrra málsins, hafi þeim opnast leið til áfrýjunar með því að sinna ekki endurkröfu stefnanda, enda

sé ljóst, að stefndu verði ekki endurkrafðir um hærri fjárhæð en sem nemi sök eiganda bifreiðar JO 7495. Þeir hafi því talið sér rétt að sinna ekki endurkröfunni, þar sem hún hafi verið byggð á röngu sakarmati. Tölulega andmæli stefndu ekki kröfum stefnanda.

V.

Álit réttarins.

Það er óumdeilt með aðiljum máls þessa, að stefnandi eigi á grundvelli 25. gr. laga nr. 20/1954 endurkröfurétt á hendur stefndu, þar sem stefnandi bætti Birgi Halldórssyni tjón það, er Birgir beið við árekstur bifreiðar hans, R 1977, og bifreiðarinnar JO 7495. Ágreiningur málsaðilja varðar hins vegar það, hvort endurkrafa stefnanda eigi að sæta meiri lækkun en sem nemi $\frac{1}{3}$ vegna eigin sakar Birgis Halldórssonar, en þannig var sök hans ákvörðuð með dómi bæjarþingsins frá 16. nóvember 1979.

Með áðurgreindum dómi bæjarþingsins var skorið úr um skiptingu bótaábyrgðar vegna þess tjóns, er varð á R 1977 við árekstur þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar JO 7495. Þeim dómi var af varnaraðilja ekki áfrýjað, þar sem áfrýjunarskilyrðum var ekki fullnægt, og eigi leituðu varnaraðiljar áfrýjunarleyfis. Samkvæmt 1. mgr. 195. gr. laga nr. 85/1936 er áðurgreindur bæjarþingsdómur frá 16. nóvember 1979 að því er skiptingu bótaábyrgðar varðar bindandi um úrslit sakarefnis fyrir varnaraðilja í þessu máli, sem jafnframt voru varnaraðiljar fyrra málsins, og fyrir stefnanda, sem samkv. 25. gr. laga nr. 20/1954 leiðir rétt sinn af rétti Birgis Halldórssonar og kemur að lögum í hans stað. Standa því eigi að lögum efni til nýs sakarmats í máli þessu vegna áreksturs bifreiðanna R 1977 og JO 7495 í umrætt sinn. Ber því við ákvörðun endurkröfunnar að leggja til grundvallar þá skiptingu bótaábyrgðar, sem ákvörðuð var með dómi bæjarþingsins hinn 16. nóvember 1979.

Tölulega séð hefur fjárhæð endurkröfu stefnanda eigi sætt andmælum af hálfu stefndu. Að því athuguðu og þar sem stefnandi hefur við sundurliðun kröfu sinnar tekið tillit til eigin sakar eiganda R 1977, eins og hún var metin í áðurgreindum bæjarþingsdómi, ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti. Þá ber og að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.525.00.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hagtrygging h/f og ríkissjóður Íslands, greiði in solidum stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 2.760.32 með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvöxtum frá þeim degi

til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 29. janúar 1981, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 2.525.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. maí 1983.

Nr. 188/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Grétari Magnússyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Nytjastuldur. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar. Ágrip máls þessa barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Verjandi krefst lækkunar á refsingu ákærða. Þá er þess krafist, að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu á háttsemi ákærða til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Þá ber og að staðfesta með skírskotun til forsendna héraðsdóms ákvæði hans um greiðslu ákærða á skaðabótum til Rádío- og sjónvarpsstofunnar s/f.